

Ed.

284. Frumvarp til laga

[113. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Með lögum þessum er íslenskur ríkisborgararéttur veittur eftirtöldum aðilum:

1. a. Dr. phil. Karl Max Herbert Metzner, fæddur 20. nóvember 1900 í Dessau.
b. Frú Johanne Jenny Dora Metzner, fædd Hansen, fædd 6. febrúar 1904 í Hamburg.
c. Hans Herbert Brix Metzner, fæddur 27. september 1935.
2. a. Bernhard Albert Fritz Wiencke, fæddur 28. júní 1913 í Hamburg.
b. Frú Elsa Frida Wiencke, fædd Peterhänsel, ekkja Nottelmann, fædd 27. apríl 1920 í Hamburg.
c. Karin Lena Peterhänsel, nefnd Nottelmann, fædd 10. marz 1938 í Hamburg.
d. Peter Peterhänsel, nefndur Nottelmann, fæddur 14. ágúst 1941 í Hamburg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Dr. Herbert Metzner er vel þekktur vísindamaður á sviði fiskiðnaðarins og hefur tekizt á hendur, ef hann fær til þess starfsskilyrði, að aðstoða íslensk stjórnarvöld og einstaklinga í öllum málum, er snerta fiskiðnað vörn, þegar þess yrði óskað. Til þess að hægt verði að hafa hans full not í þessu efni, er talið nauðsynlegt að veita honum ríkisborgararétt ásamt aðstoðarmanni hans og fjölskyldum þeirra.